

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga, nr. 26 1958, og að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur, hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Háaleitisbraut verði aðalbraut með þeim undantekningum, að umferð um Miklubraut og Kringlumýrarbraut hafi forgangsrétt gagnvart umferð um Háaleitisbraut.
2. Álfheimar verði aðalbraut, þó skal umferð um Álfheima víkja fyrir umferð um Suðurlandsbraut og Langholtsveg.
3. Eskihlíð verði aðalbraut með þeirri undantekningu, að umferð um Miklubraut hafi forgangsrétt fyrir umferð um Eskihlíð.
4. Bifreiðastöður verði bannaðar á Framnesvegi, austan megin götunnar.
5. Bifreiðastöður verði bannaðar á Ljósvallagötu, vestan megin götunnar.
6. Bifreiðastöður verði bannaðar á Seljavegi, austan megin götunnar, frá Holts götu að Nýlendugötu.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 23. nóvember 1964.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 257.

2. desember.

REGLUGERÐ

um ríkisframlag til þjóðvega í kaupstöðum og kaupúnum.

1. gr.

Í kaupstöðum og kaupúnum með 300 íbúa eða fleiri, skulu þeir vegir teljast þjóðvegir, sem ákveðnir eru með reglugerð samkvæmt 30. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963.

2. gr.

Framlagi ríkisins til þjóðvega í kaupstöðum og kaupúnum skal varið til viðhalds og lagningar þeirra vega, sem ákveðnir eru sem þjóðvegir.

Greiða má af hluta sveitarfélaga kostnað vegna kaupa á fasteignum í þágu þjóðvegar. Hins vegar er óheimilt að greiða kostnað við holræsi, færslur á leiðslum, gangstéttir, umferðarljós, götulýsingu og því um líkt.

Þegar lagningu þjóðvega í sveitarfélagi er lokið, að dómi vegamálastjóra, skal sveitarstjórn verja sínum hluta ríkisframlags, að frádregnum viðhaldskostnaði þjóðvega, til annarrar varanlegrar gatnagerðar, og gilda þá ákvæði þessarar reglugerðar um slíka gatnagerð eftir því, sem við á.

3. gr.

Sveitarstjórn lætur gera tæknilega og fjárhagslega áætlun um framkvæmdir á þjóðvegum sveitarfélagsins, áður en verk er hafið. Skulu áætlanir háðar samþykki vegamálastjóra.

4. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að nota ríkisframlag sitt til greiðslu lána, sem stofnað er til vegna lagningar þjóðvega í sveitarfélaginu.